



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

BLAÐAMANNAFUNDUR MEÐ KOFI ANNAN

Kofi Annan, fyrrum framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og handhafi friðarverðlauna Nóbels, kemur til Íslands síðdegis í dag. Að loknum fundi með forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni á Bessastöðum mun Kofi Annan ræða við blaðamenn. Áætlað er að blaðamannafundur hans og forseta Íslands hefjist um kl. 17:00 á Bessastöðum. Hann mun og sitja kvöldverð í boði forseta Íslands ásamt forráðamönnum Háskóla Íslands og ráðherrum.

Kofi Annan flytur á morgun föstudag upphafsraðuna á hátíðarmálþingi Háskóla Íslands í tilefni af hundrað ára afmæli skólans. Málþingið ber heitið „Áskoranir 21. aldarinnar“ og hefist kl. 13:00 í Háskólabíói. Í fyrramálið heimsækir Kofi Annan í fylgd forseta Hellisheiðarvirkjun þar sem íslenskir vísindamenn og sérfræðingar munu kynna honum kosti jarðhitanýtingar fyrir þróunarlönd, einkum Afríku.

Kofi Annan kemur til Íslands í boði forseta Íslands og Háskóla Íslands.

6. október 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).